

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1072*  
*komudagur 17.2.2012*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8,  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2012

Umsögn Háskólar

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr.63/2006 ( sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda), mál 468, þingskjal 714.

Landssamtökin Þroskahjálp fagna þeim breytingum sem felast í 13.grein frumvarpsins og fjalla um stuðning við nemendur með fötlun og tilfinningalega og félagslega örðugleika. Samtökin hvetja til þess að þær breytingarnar sem lagðar eru til á c-lið 19. greinar laga um háskóla verði samþykktar.

Samtökin fagna því sérstaklega að við þessar lagabreytingarnar sé ákvæði 24. greinar Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, um rétt fatlaðra nemenda til menntunar á öllum skólastigum, lögfest í íslenskri löggjöf.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

---

Gerður A. Árnadóttir, formaður

---

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri